

Nd.

103. Breytingartillögur

[11. mál]

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum, álögðum 1953, sem hér segir:

Tekjuskattur gjaldanda með 30 þús. kr. eða lægri hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður.

Tekjuskattur gjaldanda með 30001—33000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að þrem fjórðu hlutum.

Tekjuskattur gjaldanda með 33001—36000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að hálfu leyti.

Tekjuskattur gjaldanda með 36001—40000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri miðað við Reykjavík, skal falla niður að fjórða hluta.

Þessi sérstaka tilslökun skal framkvæmd þannig, að tekjur manns að frádrægnum skatti skuli aldrei verða lægri en þess, er greiðir lægri skatt.

Þeirrar hlutfallslækkunar á tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir, er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942.

2. Við 4. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 1. mgr. 11. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Giftri konu, sem stundar sjálfstæða atvinnu utan heimilis síns, er heimilt að telja fram sérstaklega til skatts þær tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu, enda sé teknanna ekki aflað í fyrirtæki, sem maður hennar er meðeigandi að eða hluthafi í, og skal þá leggja á hana samkvæmt því.

Nú starfar kvæntur maður við atvinnufyrirtæki konu sinnar, og fellur þá heimild til sérsköttunar konunnar niður.

Er gift kona telur sérstaklega fram til skatts, skal frá hreinum tekjum hennar draga lögboðinn persónufrádrátt, áður en skattur er reiknaður, og fellur þá tilsvarendi frádráttarupphæð niður við ákvörðun skatts eiginmanns hennar.